

**SJÓVÁ**

Sími: 436 1617 & 893 5445  
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**

861. tbl - 19. árg.

24. janúar 2019



# Samstarfssamningur endurnýjaður

Snæfellsbær og Frystiklefinn skrifuðu undir samstarfssamning á síðasta föstudag. Samningurinn sem er til fjögurra ára er viðamikill og byggir á því að Snæfellsbær greiðir Frystiklefanum fasta upphæð árlega og skal hún nýttast til ýmissa viðburða og þannig auðga menningarlíf og bæta lífs-gæði íbúa bæjarfélagsins. Með þessu vilja báðir aðila styrkjastöðir í því mikilvæga menningarstarfi sem nú þegar er unnið í Frystiklefanum. Er samningurinn um leið vottur um það traust sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar ber til Kára Viðarssonar og starfsmanna Frystiklefans.

Á samningstímanum verð fjöl-breytt námskeið í boði í Frystiklefanum fyrir börn í 1. til 10. bekk með faglærðum leikurum og dönsurum með það að markmiði að auka leikgleði, sam-hæfingu, sköpunargleði og sjálfstraust barnanna. Munu þau standa nemendum til boða þeim að kostnaðarlausu. Auk þessa er innifalið í samningi þessum að Frystiklefinn mun halda alþjóðlegar hátíðir á sviði kvikmynda-, tónlistar- og götu-listaverka sem íbúar munu geta sótt sér að kostnaðarlausu. Má þar nefna kvikmyndahátíðina Northern Wave Film Festival, tónlistahátíðina Tene-Rif og götulistahátíðina Snæfellsbær Streed Art Festival.

Nemendur í 8. til 10. bekk í grunnskóla Snæfellsbæjar munu á samningstímanum fá árs-miða sem gilda mun á alla við-



burði Frystiklefans sem lið í því að hvetja unglinga til að taka þátt í menningarlífi bæjarins. Frystiklefinn mun á samnings-tímanum einnig sinna verkefnum bæði með elstu og yngstu íbúnum í gegnum viðburði og námskeið á leikskólum Snæfellsbæjar sem og dvalarheimilinu Jaðri. Frystiklefinn mun einnig heimsækja Smiðjuna í þeim tilgangi að styrkja vináttubönd og auka þátt-töku þeirra sem þar vinna í menningarlífi bæjarins.

Að lokum má geta þess að nýtt verk sem Frystiklefinn hefur verið að þróa undanfarið hálf ár hlaut á dögunum verkefnastyrk og starfslaun úr launasjóði listamanna árið 2019. Þetta er í annað skipti sem Frystiklefinn hlýtur þennan heiður. Í fyrra skiptið var það vegna söngleiksins Journey

to the Center of the Earth sem sýndur var 70 sinnum á tveggja ára tímabili.

Frystiklefinn hefur fyrir löngu fest sig í sessi í menningarlífi

bæjarins og ánægjulegt að vita til þess að svo verður áfram enda metnaðarfullt og gott starf sem þar er unnið.

þa

**FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700  
www.fmis.is

CERTIFIED  
SUSTAINABLE  
SEAFOOD  
MSC  
www.msc.org



Framúrskarandi  
fyrirtæki

**Smíðavinna**

Tökum að okkur þakskipti, klæðningar og aðra smíðavinnu,  
eigum lausa tíma í vetur.

Kynnið ykkur málið í síma 840-6100



# Söngvakeppni

Undankeppni Afdreps fyrir söngvakeppni Samvest var haldin 17. janúar síðastliðinn. Sara Dögg söng lagið Happier með Ed Sheeran, Sigurður Bergmann söng lagið Stay með Rihanna og Davíð Svanur og Hjörtur fluttu frumsamið lag sem heitir Takk fyrir. Kosið var um hvaða tvö atriði færu frá Afdrep og komust

Sara og Davíð og Hjörtur áfram. Samvest verður haldið í félagsheimilinu Klifi þriðjudaginn 12. febrúar. Þá munu allar félagsmiðstöðvar á Vesturlandi koma saman og keppast um hvaða tvö atriði komast í söngvakeppni Samfés sem fer fram 23. mars í Laugardalshöll.

sj



## Kvöldmessa Grundarfjarðarkirkju

sunnudaginn 27. jan. kl. 20.00  
söngur - bæn - altarisganga  
Allir velkomnir

ÓLAFSVÍKUR- OG  
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL  
[kirkjanokkar.is](http://kirkjanokkar.is)



## Námskeið um Jesú bænina

verður í safnaðarheimili Ingjaldshólskirkju  
mánudagskvöldið 28. janúar kl. 20.

Bænina má nota á öllum tímum og aðstæðum, í hefðbundni bænastund sem utan þeirra. Fræðst verður um sögu bænarinnar. Hvernig við getum beðið af hjarta? Kennð praktísk notkun bænarinnar. Allir velkomnir, skráning óþörf. Umsjón með námskeiðinu hefur sóknarprestur.

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)  
Sími: 436 1617

**OPÍÐ HÚS** **TIL SÝNIS OG SÖLU**

**Fasteignasalan Valhöll kynnir:**  
Brautarholt 24 Ólafsvík, steinteypt einbýlishús byggt árið 1972. Húsið er á tveimur hæðum. Íbúð á hæð er 143,3 fm. bílskur 24,4 fm. og íbúð á neðri hæð 52,4 fm alls 220,1fm samkv þjóðskrá. Á efri hæð er forstofa, hol, stofa, eldhús, þvottahús og í svefnherbergisálmú eru fjögur svefnherbergi og baðherbergi þar sem er bæði baðkar og sturta. Flisar eru á forstofu og holi og þá er nýlagt parket á stofu og herbergjum. Baðherbergi hefur nýlega verið endurnýjað og þar eru flisar og nýleg hreinlætistöki og einnig er hiti í gólf. Innrétting í eldhúsinu nýleg eða frá 2017.

Gengið er á neðri hæðina úr forstofu en einnig er séringangur. Hún skiptist í forstofu, baðherbergi, tvær geymslur, tvö herbergi, rúmgóða stofu og bílskur. Auðveldlega mætti útbúa íbúð á neðri hæð og leigja hana út. Við suðurhlíð er stór sólpallur og er gengið út á hann úr stofunni og hjónaherbergi. Á pallinum er heitur pottur sem fylgir og þarfnast hann lagfæringa. Í húsinu er varmadæla sem lækkar hitakostnaðinn verulega og er hann um kr 25000 á mánuði.

Austurhlíð og hluti suðurhlíðar hússins eru klæddar með steni. Skipt hefur verið um alla ofna í húsinu. Allir gluggar í húsinu eru nýlegir utan þriggja á austurhlíð. Þetta er glæsilegt hús og er á góðum stað með góðu útsýni.  
**Verð kr 38,5millj.**

**ATH ATH: Opíð hús verður sunnudaginn 27. janúar á milli kl 17.00 og 18.00.**

Upplýsingar gefur Ingólfur Gissurarsson löggiltur fasteignasali á Valhöll sími 588 4477. Einnig Pétur Steinar gsm 893 4718 og [psj@simnet.is](mailto:psj@simnet.is)

**Sjá upplýsingar um eignir í Snæfellsbæ á [valholl.is](http://valholl.is) undir söluskrá**

**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA  
Ingólfur G. Gissurarson, löggiltur fasteignasali,  
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



# Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar



Í lok síðasta árs samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 og mun ég hér fara yfir helstu þætti hennar og jafnframt segja frá stærstu fjárfestingum á árinu.

Fjórða árið í röð eru gjaldskrár leikskóla og grunnskóla ekki hækkaðar. Á nokkrum gjaldskrárum varð smávægileg hækkun. Útsvarsprósenta í Snæfellsbæ verður óbreytt og sama er að segja um álagningarprósentu fasteignagjalda.

Í fjárhagsáætlun leggur bæjarstjórn á það áherslu að haldið verði áfram þeirri góðu þjónustu sem veitt er í sveitarfélaginu og að henni hlúð eins og kostur er. Styrkir til félagasamtaka hækka mikið á árinu 2019 eða um 42,5% á milli ára. Styrkir á árinu 2019 verða kr. 59.635.000.- Að venju eru hæstu styrkir til íþrótt- og

ungmennastarfs.

Stærstu styrkir eru eins og áður segir til íþróttamála en þeir verða kr. 39,8 milljónir á árinu. Til sjómannagarðanna fara kr. 6,7 milljónir. Til Frystiklefans fara kr. 4 milljónir. Til björgunarsveitanna fara kr. 2,35 milljónir. Til skógræktarfélaganna fara kr. 1,3 milljónir

Það má jafnframt geta þess að á árinu 2019 verða í fyrsta skipti teknir upp frístundastyrkir í Snæfellsbæ. Markmiðið með þessu, ásamt því að hækka ekki gjaldskrár skóla, leikskóla og sundlaugar, er að gera búsetu í Snæfellsbæ auðveldari fyrir ungt fólk og barnafjölskyldur.

Gert er ráð fyrir miklum framkvæmdum á árinu 2019, en gert er ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði 419,3 milljónir króna, þar af 174,5 milljónir hjá bæjarsjóði Snæfellsbæjar og 244,8 milljónir hjá hafnarsjóði.

Stærstu fjárfestingar bæjarsjóðs á árinu eru gatna- og gangstéttaframkvæmdir, en gert er ráð fyrir 85 millj. þar. Þær helstu eru malbiksframkvæmdir fyrir kr. 40 milljónir, gatnagerð í Sandholti fyrir kr. 30 milljónir og gangstéttaframkvæmdir fyrir kr. 15 milljónir. Einnig verða keyptir tveir ærslabelgir og er kostnaður við þá framkvæmd áætluð 5,5 milljónir króna. Í Grunnskóla Snæfellsbæjar verður farið í að

laga þak grunnskólans á Hellissandi og er það kostnaður upp á 5,5 milljónir króna einnig verður farið í lagfæringu á salernum nemenda í Ólafsvík og er kostnaður við það kr. 5 milljónir. Farið verður í að klæða tvær hliðar á bókasafni/tónlistarskólanum í Ólafsvík og gert er ráð fyrir að kostnaður við það verði kr. 4,5 milljónir. Farið verður í umhverfisframkvæmdir á Hellissandi og gert er ráð fyrir kr. 7 milljónum í þær framkvæmdir. Settar eru kr. 5 milljónir í hönnun á hreinsikerfum útrása (holræsum) í þéttbýli Snæfellsbæjar.

Stærstu fjárfestingar hafnarsjóðs á árinu verða lenging Norðurgarðs í Ólafsvík en kostnaður við þá framkvæmd er áætlaður kr. 114,7 milljónir. Gert ráð fyrir um 54 milljónum í dýpkun á Arnarstapa. Farið verður í lagfæringu á hafnarhúsinu í Ólafsvík ásamt stækkun en kostnaður við þá framkvæmd er áætlaður kr. 32 milljónir. Farið verður í malbiksframkvæmdir á hafnarsvæðunum og gert er ráð fyrir að það muni kosta 31,9 milljónir. Farið verður í framkvæmdir við plan við uppsátur í Rífi og er kostnaður við það 2,7 milljónir.

Auk þess verður farið í ýmsar aðrar framkvæmdir hjá hafnarsjóði og aðrar smærri framkvæmdir hjá Snæfellsbæ, en meginmarkmið ársins verður að styrkja innviði stofnana Snæfellsbæjar.

Fjárhagsstaða Snæfellsbæjar er góð, ekki er gert ráð fyrir hækkun skulda á árinu 2019, sem er gott. Gert er ráð fyrir að skuldahlutfall Snæfellsbæjar fari ekki yfir 70% í A-hluta enskv. sveitarstjórnarlögum má skuldahlutfallið ekki fara yfir 150% þannig að Snæfellsbær er þar vel innan marka.

Hafnarsjóður Snæfellsbæjar er vel rekinn og verða miklar framkvæmdir á hans vegum árið 2019, eins og áður kemur fram, eða tæpar 245 m.kr. Hafnarsjóður er fjárhagslega vel stæður og skuldar engin langtímalán.

Rekstur Snæfellsbæjar hefur verið með ágætum undanfarin ár og er það ekki síst að þakka góðu samstarfi við starfsfólk og forstöðumenn Snæfellsbæjar. Áframhaldandi árangur byggir á því sama og Bæjarstjórn Snæfellsbæjar hlakkar til áframhaldandi samstarfs.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Bifreiðaverkstæði /Egis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Bóndadags seðill

Gildir dagana 25 og 26 janúar.

3 rétta matsseðill og ein flaska af rauðvini á borðið.

Verð aðeins 15,900 kr. fyrir tvo.

Torréttir

Rjómalögud Hlumarsúpa eða Flörpuskels taco

Áðalréttir.

Hævgeldud nautalund, steiktur gulrætur, nautajus, bernes froða.

Eða

Andarbringa, appelsínu sósa, sætar kartöflur.

Eftirréttir

Heit Súkkulaðikaka, is og ávextir

Eða

Skýramisu

Borðapantanir í síma 431-1030 eða hraunbokanir@simnel.is

# EIGNIR TIL SÖLU EÐA LEIGU Í GRUNDARFIRÐI

Til sölu eða leigu

## Ölkelduvegur 9 íb. 203

Stærð: 105 m<sup>2</sup> með bílskúr

Söluverð kr. 22.900.000  
Leiguverð kr. 145.000 per mán. (án bílskúr)

Raðhús til sölu eða leigu

## Ölkelduvegur 1

Stærð: 140 m<sup>2</sup> með bílskúr

Söluverð kr. 35.900.000  
Leiguverð kr. 190.000 per mán.

Til sölu eða leigu

## Ölkelduvegur 9 íb. 206

Stærð: 70 m<sup>2</sup>

Söluverð kr. 20.900.000  
Leiguverð kr. 150.000 per mán.

Upplýsingar í síma 698 8000  
eða 822 1155 // jon@brtours.is

Allar eignir lausar þann 1. febrúar 2019

# HIÐ ÁRLEGA Þorrablót

verður haldið í Félagsheimilinu Klifi Ólafsvík  
laugardaginn 2. febrúar 2019.

Hinn eini sanni þorramatur, skemmtiatriði og ball.

Hljómsveitin Bandmenn leikur fyrir dansi.

Miðaverð kr. 8.500,-

Miðasala verður í Félagsheimilinu Klifi sem hér segir:

Sunnudaginn 27. janúar kl. 12:00 - 14:00

húsið opnað kl. 11:30, dregið verður um röð kaupenda.

Mánudaginn 28. janúar kl. 19:30 - 20:30

Þriðjudaginn 29. janúar kl. 19:30 - 20:30

ATH! Hámark miðafjölda á hvern einstakling er 12 stk.  
Ekki verður selt sér inn á ballið.

ATH. Miðar verða ekki endurgreiddir eftir miðvikudag 30. janúar.



ATH  
ENGINN POSTI